

Mál nr. 139/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði hinn 26.2.2013.**Gögn.**

56. Málskot, móttengið 9.4.2013, ásamt fylgigögnum.

57. Bréf X, dags 11.4.2013.

58. Bréf Y, dags. 2.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak á bifreiðastæði við tiltekna götu í Reykjavík og rakst þá hægra afturhorn hennar á vinstra afturhorn bifreiðarinnar B sem hafði verið lagt fyrir aftan A.

Ökumaður A kvað ökumann B hafa ruðst farþegamegin inn í A og lamið sig í handlegg og andlit og hafi hann borið hendur fyrir sig. Tiltekin kona, D, hafi dregið ökumann B út úr A. Er hann hafi við þetta farið af bremsunni hafi A, sem sennilega hafi verið í bakkgír, runnið aftur á bak og á B, hann hafi ekki vitað af þeirri bifreið fyrir aftan A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á eftir A er þeirri bifreið var lagt í bifreiðastæðið. Hafi hann lagt B fyrir aftan A og farið að ökumanni A og „gripið aðeins í hann“. Að svo búnu hafi hann farið aftur að bifreið sinni. Hafi hann þá séð A vera bakkað lítillega í átt að B. Hafi hann þá öskrað til ökumanns A sem hafi stöðvað, en þá hafi verið „mjög naumt“ á milli bifreiðanna. Skyndilega hafi A svo verið bakkað á B og ökumaður A ekið á brott í kjölfarið.

Vitni í íbúð við bifreiðastæðið kvaðst hafa setið við svalahurð er hún heyrði bílflaut. Hún hafi litið upp og séð A vera ekið aftur á bak og heyrði síðan brothljóð („krass“). Hafi hún séð ökumann B vinda sér að ökumanni A og tuskað hann til. Þá hafi kona komið aðvífandi og tekið í ökumann B til að losa ökumann A. Því næst hafi ökumaður A lokað bílhurðinni og ekið á brott.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að A var ekið aftur á bak og rakst við það á B sem var kyrrstæð fyrir aftan A. Ökumaður A ber ábyrgð á tjóni því sem hlaut við áreksturinn nema sannað teljist að áreksturinn verði rakinn til sakar ökumanns B eða annarra atvika sem ökumaður A ber ekki ábyrgð á. Einungis ökumenn eru til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans, svo og eitt vitni. Framburðir þessara aðila eru með engu móti samrímanlegir. Af framburði þeirra telst ekki sannað að annar en ökumaður A eigi sök á árekstrinum. Verður því ekki hjá því komist að leggja á hann alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 21. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.